



Minnisblað

| | |
|--------------|---|
| Til: | Framkvæmdastjóra SSH |
| Frá: | Svæðisskipulagsstjóra |
| Efni: | Loftslagsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið – staða eftir umsögn sveitarfélaga á drögum |
| Dags: | 5. september 2022 |

Á 535. fundir stjórnar SSH, hinn 17. janúar 2022 var ofangreint tekið til umræður og eftirfarandi niðurstaða bókuð í fundargerð:

„Stjórn samþykkir að framlögð drög að loftslagsstefnu verði send aðildarsveitarfélögum til umræðu og ábendinga. Jafnframt verði drögin send Sambandi íslenskra sveitarfélaga til upplýsinga.“

Yfirferð sveitarfélaga er lauk í lok maí 2022 og í kjölfar yfirferðar á athugasemdum hafa gögn verið uppfærð, sjá samantekt aftast í þessu minnisblaði.

Framfylgd loftslagsstefnu á vettvangi sveitarfélaga

Verði loftslagsstefna samþykkt liggur fyrir að ábyrgð vegna innleiðingar, mótun aðgerða, eftirfylgni og regluleg árangursmæling er á höndum sveitarfélaganna. Rétt er að árétta að þær aðgerðir sem eru kynntar í fylgiskjölum loftslagsstefnu eru ekki bindandi heldur er þeim ætlaðar að aðstoða sveitarfélög við að móta eigin aðgerðaáætlanir.

Við vinnslu stefnunnar hefur komið fram það sjónarmið um að innleiðing stefnunnar gæti orðið hraðari og áhrifaríkari ef verkefninu yrði fundið heimili hjá félagi sem hefði það hlutverk að aðstoða sveitarfélögin við eftirfylgni og utanumhald ásamt því að halda utan um tölfraði og önnur tilfallandi verkefni. Sem dæmi má nefna að verkefni samgöngusáttmála hófust sem sóknaráætlunarverkefni áður en félagið Betri samgöngur ohf. var stofnað sem tók við framkvæmd þess. Annað dæmi er sóknaráætlunarverkefnið „Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu“ sem hefur fengið heimili hjá Sorpu bs.

Þann 20. maí sl. barst SSH bréf frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti sem vildi kanna möguleika á að styðja sérstaklega verkefni sem tengjast hringrásarhagkerfinu og loftslagsmálum í landshlutanum. Ráðuneytið kvaðst horfa til að veita fjármunum í eitt eða fleiri áhersluverkefni í sóknaráætlun landshlutans. SSH og fulltrúar ráðuneytis funduðu vegna ofangreinds 8. júní 2022 og voru ýmsar hugmyndir reifaðar. Niðurstaða var að halda samtali áfram eftir samþykki loftslagsstefnu.

Niðurstaða

Loftslagsstefna og fylgiskjöl hafa verið uppfærð til samræmis við ábendingar sem bárust eftir umsagnartímabil og eru afhent stjórn SSH. Lagt er til að tillögunni verði vísað til aðildarsveitarfélaga til umræðu og afgreiðslu og óskað verði eftir að þau veiti framkvæmdastjórum heimild til að skrifa undir yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf vegna stefnunnar. Jafnframt verði SSH falið að fylgja viðræðum eftir við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og skoða hvernig eftirfylgni og utanumhaldi verði sem best komið fyrir.

Virðingarfyllst, fyrir hönd starfshóps verkefnis.

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



| Hagaðili | Athugasemd / bókun | Viðbrögð |
|---------------|--|---|
| Seltjarnarnes | <p>312. fundur umhverfisnefndar</p> <p><i>Umhverfisnefnd og fulltrúar skipulags- og umferðarnefndar gera ekki athugasemdir við stefnu og aðgerðaráætlun höfuðborgarsvæðisins í loftslagsmálum. Nefndarmenn leggja til að sett verði mælanleg markmið í málaflökknum sem SSH fylgi eftir og upplýsi um árangur með reglulegu millibili. Þá er lögð áhersla á að Seltjarnarnesbær taki upp stafræna umhverfisstjórnun sem veiti rauntíma yfirlit yfir kolefnisspor reksturs sveitarfélagsins.</i></p> | Kallar ekki á viðbrögð |
| Kópavogur | <p>153. fundur umhverfis- og samgöngunefndar</p> <p><i>Lagt fram og kynnt. Umhverfis- og samgöngunefnd lýsir ánægju með fyrirbyggjandi drög að sameiginlegri loftslagsáætlun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.</i></p> | Kallar ekki á viðbrögð |
| Hafnarfjörður | <p>Umhverfis- og framkvæmdaráð 16. febrúar</p> <p><i>Tekin fyrir að nýju drög að stefnu og aðgerðaráætlun höfuðborgarsvæðisins í loftslagsmálum. Lögð fram umsögn starfshóps.</i></p> <p><i>Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrir sitt leyti athugasemdir við skýrslu um loftslagsstefnu sem fram kemur í fundargerð fjórða fundar stýrihóps um loftslagsmál sem haldinn var 7. febrúar sl. og vísar til bæjarráðs.</i></p> <p><i>Helstu athugasemdir stýrihópsins við skýrsluna um loftslagsstefnu</i></p> <p><i>Gott væri að setja hugtakalista aftast sem segir hvað hvert hugtak er að segja og jafnvel nota íslenskar þýðingar Dæmi: PSS (Product service system), CLT, HFC, ESR, innra kolefnisverð omfl.</i></p> <p><i>Uppsetning má vera með skýrari skiptingu á umfjöllun á hlutverki ríkisins annars vegar og hlutverki sveitarfélagana hins vegar. Veita hlutverki, markmiðum og úrræðum sveitarfélagana meira vægi.</i></p> <p><i>Kafla 4.2 draga má betur fram þrjá meginflokka losunar. Til dæmis má gera það með dekkra letri eða með skýrari afmörkun.</i></p> <p><i>Draga mætti fram umfjöllun og dæmi um hagræna hvata varðandi flokkun og endurvinnslu.</i></p> <p><i>Í aðgerðarlistanum (kafla 6 ? 13) mætti fjalla meira um mögulegar aðgerðir sveitarfélagana. Þegar verkefni úr aðgerðaráætlun eru valin þarf að hafa í huga að þau séu unnin í takt við Heimsmarkmiðin.</i></p> <p>Bæjarráð tók þetta fyrir þann 17. Febrúar og bókaði:</p> <p><i>Bæjarráð tekur undir afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs og samþykkir athugasemdir stýrihóps um drög að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.</i></p> | <p>Hugtakalista bætt aftast í greinargerð.</p> <p>Grafísk framsetning uppfærð til að skýra greinarmun milli aðgerða ríkis og aðgerða sveitarfélaga.</p> <p>Grafísk framsetning uppfærð m.t.t. kafla 4.2.</p> <p>Skoðað verður að bæta umfjöllun um hagræna hvata m.t.t. flokkunar og endurvinnslu.</p> <p>Bætt verður við umfjöllun um heimsmarkmið. Umfjöllun um aðgerðir sveitarfélaga verður rýnd.</p> |
| Mosfellsbær | <p>226. fundur umhverfisnefndar:</p> <p><i>Umhverfisnefnd er jákvæð fyrir framlagðri tillögu að sameiginlegri loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið og telur hana falla vel að umhverfisstefnu Mosfellsbæjar og</i></p> | Kallar ekki á viðbrögð |



| | | |
|-----------|--|-------------------------|
| | <p><i>stefnu sveitarfélagsins í málaflökknum.</i></p> <p>1529. fundur bæjarráðs</p> <p><i>Umbeðin umsögn umhverfisnefndar lögð fram. Bæjarráð tekur undir með umhverfisnefnd og telur framlagða tillögu um sameiginlega loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið vera jákvæða og telur hana falla vel að umhverfisstefnu Mosfellsbæjar og stefnu sveitarfélagsins í málaflökknum.</i></p> | |
| Reykjavík | <p>Útskrift úr gerðarbók umhverfis og heilbrigðisráðs 16. febrúar 2022:</p> <p>„Fulltrúar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) kynna drög að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið og aðgerðaráætlun. Drögin eru lögð fram.</p> <p>Fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar, Pírata og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:</p> <p>Samvinna sveitarfélaga er lykilinn að því að ná niður kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins enda er það eitt atvinnu- og búsvæði og losun gróðurhúsalofttegunda endar ekki við hver sveitarfélagamörk. Það var því orðið tímabært að gera sameiginlega aðgerðaráætlun og stilla saman strengi til að ná kolefnishlutleysi og leggja lóð á vogaskálar ríkisins sem þarf að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í baráttunni gegn loftslagsvánni“</p> | Kallar ekki á viðbrögð |
| Garðabær | <p>3. 2201384 - Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið - Bókun 535. fundar stjórnar SSH</p> <p><i>Umhverfisnefnd samþykkir stefnuna og vinna við mótnun aðgerðaráætlunar fyrir Garðabæ er hafin.</i></p> | Kallar ekki á viðbrögð |
| Sorpa | <p>Tölvupóstur 2.3.2022, Gunnar Dofri Ólafsson, SORPA</p> <p><i>Þessi texti á blaðsíðu 11:</i></p> <p>„10. Ábyrg meðhöndlun úrgangs, m.a. með aðgerðum til að sporna gegn myndun úrgangs, gjaldtöku sem hvetur til endurvinnslu, markvissri nýtingu lífrænna auðlinda í úrgangi og banni við urðun, að óvirkum úrgangi frátöldum.“</p> <p><i>mætti líta svona út:</i></p> <p>„10. Ábyrg meðhöndlun úrgangs, m.a. með aðgerðum til að sporna gegn myndun úrgangs, gjaldtöku sem hvetur til endurnóta, endurvinnslu og endurnýtingar og markvissri nýtingu lífrænna auðlinda í úrgangi og banni við urðun, að óvirkum úrgangi frátöldum.“</p> | Lagfært sbr. athugasemd |